

**FÉLAG MBA KVENNA FRÁ  
HÁSKÓLANUM Í REYKJAVÍK**



**SKÝRSLA STJÓRNAR  
VETURINN 2016-2017**

**LAGT FRAM Á AÐALFUNDI FÉLAGSINS  
17. MAÍ 2017**

# 1. STJÓRN

---

Á aðalfundi Emblna þann 26. maí 2016 komu fjórar nýjar konur í stjórn félagsins, þær Sigrún Sigurðardóttir, Gígja Þórðardóttir, Berglind Guðmundsdóttir og Lilja Erla Jónsdóttir. Jelena Ohm og Steinunn Sigvaldadóttir hófu sitt annað stjórnarár og Guðný Reimarsdóttir hóf sitt fjórða ár í stjórninni. Formaður stjórnar var kjörin Steinunn Sigvaldadóttir. Á fyrsta fundi nýrrar stjórnar í júní 2016 skipti stjórnin með sér verkum á eftirfarandi hátt:

- Gjaldkeri: Lilja Erla Jónsdóttir
- Ritari: Sigrún Sigurðardóttir og Berglind Guðmundsdóttir
- Vefsíðustjóri og vefumsjón: Sigrún Sigurðardóttir og Berglind Guðmundsdóttir
- Yfirviðburðarstjórnar: Jelena Ohm, Guðný Reimarsdóttir og Gígja Þórðardóttir.

# 2. DAGSKRÁ STARFSÁRSINS

---

## SEPTEMBER 2016

- ✓ Stjórn Embla kynnti dagskrá vetrarins á facebooksíðu félagskvenna.
- ✓ Kynningarfundur í Háskólanum í Reykjavík þar stjórn Embla kynnti starfsemi félagsins fyrir þeim konum sem eru í MBA náminu og buðu þeim að taka þátt í starfinu.
- ✓ Suss fundur var haldinn í Heilsu & Spa, Ármúla 9, 28. september. Um 50 félagskonur sóttu fundinn en erindi héldu þær Halla Tómasdóttir forsetaframbjóðandi og Lilja Dögg Alfreðsdóttir utanríkisráðherra. Yfirskrift fundarins var „Umhverfismál, jafnréttismál og íslensk kvennapólitík.

## OKTÓBER 2016

- ✓ Speed-date & happy-hour var haldið í Háskólanum í Reykjavík þann 25. október. Emblur voru hvattar til að mæta og kynnast betur með skemmtilegum hætti. 16 félagskonur sem tóku þátt.

## NÓVEMBER 2016

- ✓ Jólastund með Emblum var yfirskrift jólafundarins sem var haldinn að morgni 30. nóvember á Café Flóru í Laugardalnum. Emblum var boðið upp á sannkallaða aðventustemningu þar sem hinar frábæru listakonur, Tinna Hrafnisdóttir, Sigríður Freyja Ingimarsdóttir, Renata Ivan og Tui Hriv skemmtu með ljúfri tónlist, söng og upplestri. Um 20 félagskonur sóttu viðburðinn.

## **JANÚAR 2017**

- ✓ Líkamstjáning og viðhorf með Önnu Guðrúnu Steinsen var á dagskrá 31. Janúar í Heilsu og Spa, Ármúla 9. 24 félagskonur skráðu sig á viðburðinn. Stórskemmtilegur og fræðandi fyrirlestur sem fjallar um hvað líkamstjáningin og viðhorfið getur haft áhrif á líðan og árangur.

## **APRÍL 2017**

- ✓ Heimboð til Grétu Hlöðversdóttur í fyrirtækið As We Grow. Þar fengu Emblur tækifæri til að kynna Grétu og vörumerkinu, As We Grow, spjalla um vegferð áskoranna og tækifærin. Einnig var í boði að versla vörur á sérstökum Emblu-kjörum.

## **MAÍ 2017**

- ✓ Aðalfundur Embla boðaður 17. maí kl. 17:30 í Íðnó. Í kjölfar aðalfundar fagna Emblur vorinu.

## **3. ANNAÐ**

---

- ✓ Á starfsárinu var lokið við gerð nýrrar heimasíðu félagsins [www.emblur.is](http://www.emblur.is) og hún virkjuð með fréttæfni. Það verður áskorun fyrir nýja stjórn félagsins að viðhalda síðunni og setja inn tilkynningar, fréttæfni og ýmsar upplýsingar um félagskonur.
- ✓ Á aðalfundi í maí 2016 var kynnt hugmynd um framtíðarþróun félagsins og umgjörð þess. Hugmyndin snéri að því að færa félagsstarfið undir hatt FKA og starfa sem deild innan FKA. Fráfarandi stjórn leggur til að ný stjórn kanni hugmyndina betur, kosti hennar og galla og leggi fyrir félagsmenn til frekari ákvörðunartöku. Með þessu fyrirkomulagi hefðu EMBLUR aðgang að viðburðum og öðru félagsstarfi innan FKA ásamt því að vera áfram EMBLU deild innan félagsins. Með þessari breytingu myndi tengslanet Emblna stækka.

Stjórn Emblna þakkar félagskonum fyrir ánægjulegt starfsár.